



ÁSLANDSSKÓLI - FRÉTTABLAÐ

FLÓRGOÐINN

Hvað næst?

- Af skólahúsnæði í Áslandsskóla -

Meðal efnis í þessum Flórgoða:

- Pistill skólastjóra
- Ástundunarreglur
- Skólabíll, nýtt stæði
- Formspring.me
- Veikindi, leyfi
- Helgileikur
- Kórafréttir
- Könnun um líðan
- Könnun um líðan— hvað svo?
- Laugar í Sælingsdal
- Nemendaráðsferð
- www.asinn.is

Kæru nemendur foreldrar / forráðamenn

Um langt skeið hafa skólayfirvöld í Áslandsskóla, stjórnendur, starfsfólk og forráðamenn ítrekað fyrir bæjaryfirvöldum nauðsyn þess að hafist verði handa við byggingu viðbótar skólahúsnæðis við skólann.

Er þar átt við íþróttahús sem auk þess hafi fjórar kennslustofur í sömu byggingu.

Viðræður milli bæjaryfirvalda og húseigenda, FM húsa, hafa staðið yfir nánast frá því að skólinn var byggður en með miklum þunga og pressu frá skólastjórn frá því á árinu 2007.

Auk þess er þó nokkuð síðan að bæjarfulltrúar lofuðu bót og betrun og aðgerðum í málinu.

Það nýjasta er að fræðsluráð Hafnarfjarðar sló málið af á fundi sínum á dögunum og óljóst er hvað gerist næst hvað þetta varðar. Á ég að leyfa mér

að halda að pólitísk byggingarsaga trufla málið? Neita að trúa öðru en að ráðamenn hugsi faglega um börnin í bænum.

Áslandsskóli er fullsetinn og nemendafjöldi heldur áfram að aukast. Er búist við því að innan 5 ára fari nemendafjöldi yfir 600 nemendur. Í dag er heimastofa í litlu kennslueldhúsi, heimastofa er í fyrirlestrarsal, heimastofa er í raungreinastofu og heimastofa er í kennslurými heilsdagsskóla. Öll rými eru nýtt til fullnustu.

Þá er skólatími nemenda Áslandsskóla er líklegast lengst fram á daginn miðað við önnur skólabörn í bænum vegna ferða í íþróttir og sund.

Detti einhverjum í hug að rétt sé að "klessa" færanlegum kennslustofum á lóðina þá kostar það ekki minna en 100 milljónir króna. Dýrt fyrir þann sem á engan aur.

Kostnaður af skólaakstri vegna íþróttar- og sundkennslu er umtalsverður og ljóst að þar væri hægt að spara umtalsverðar fjárhæðir.

Yrði af samningum við húseigendur þyrfti ekki að byrja að greiða af þeirri byggingu leigu fyrr en árið 2012. Við skulum nú vona að ástandið í fjármálum bæjarins verði orðið skár á þeim tíma.

Annað sem tengist þessu er að uppsetning sparkvallar á skólalóðina hefur verið í pattstöðu, að mati yfirvalda, þar sem bygging íþróttahúss kallar á endurskipulagningu skólalóðar.

En það er kannski ekki von að maður spyrji: Hvað næst?

Bestu skólakveðjur

Leifur S. Garðarsson

Skólastjóri

(pistla skólastjóra má líka finna á www.aslandsskoli.is)

GÓÐI segir:



Mér finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum mínum og trúu því að hann reyni alltaf að stöðva stríðni og einelti í skólanum mínum.

Könnun um líðan—hvað svo?

Í þessu tölublaði Flórgoðans eru birtar helstu niðurstöður úr könnun um líðan. Stoðþjónusta skólans hefur farið yfir niðurstöður og lesið úr þeim. Einhver skekkjumörk og misvísandi skilaboð virðast vera í 4.-6. bekk, t.d. varðandi það að líða vel í bekk og finnast gaman í skólanum.

Könnunin gefur yfirleitt góða mynd og gefur ákveðnar vísbendingar sem unnið er úr. Þegar hefur markviss vinna farið í gang í þeim tilvikum sem úrbóta er þörf.

Flórgoðinn er fréttablað Áslandsskóla.

Útgáfa blaðsins er rafræn og tölublöð má einnig finna á vefsetri skólans www.aslandsskoli.is
FORRÁÐAMENN ERU HVATTIR TIL AÐ LESA BLAÐIÐ YFIR MEÐ BÖRNUM SÍNUM.

Könnun um líðan—helstu niðurstöður

Helstu niðurstöður, 1.-3. bekkur

- 96% nemenda líður vel eða allt í lagi í frímínútum
- 96% líður vel eða allt í lagi í kennslustundum
- 72% nemenda líður vel og 25% allt í lagi í íþróttum
- 95% nemenda líður vel eða allt í lagi í sundi
- 65% nemenda líður vel í búningsklefa íþróttu, 19% allt í lagi, 16% illa
- 73% líður vel búningsklefa í sundi, 21% allt í lagi og 6% illa



Helstu niðurstöður, 4.-6. bekkur

- 82% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 17% stundum
- 61% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 23% finnst oft gaman, 14% finnst stundum gaman í frímínútum
- 25% líður alltaf eða oft vel í bekknum sínum, 63% stundum
- 87% segja alltaf eða oft góðan vinnufrið, 10% stundum
- 88% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við krakkana í bekknum, 10% oft
- 71% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við sig, 21% oft
- 86% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
- 76% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum, 16% oft
- 77% segjast aldrei kvíða að fara í skólann, 16% stundum,
- 86% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu

Hvar fer stríðni fram?

- 41% segja alltaf eða oft í frímínútum
- 67% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í sundi, 24% stundum
- 57% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í íþróttum, 29% stundum
- Stríðni á netsíðum hefur minnkað á þessu aldursbili



Helstu niðurstöður, 7.-10. bekkur

- 73% finnst alltaf eða oft gaman í skólanum, 22% stundum
- 45% finnst frímínútur alltaf skemmtilegar, 45% finnst oft gaman
- 51% líður alltaf vel í bekknum sínum, 39% oft, 9% stundum
- 52% segja alltaf eða oft góðan vinnufrið, 44% stundum
- 56% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við krakkana í bekknum, 32% oft
- 71% segja kennarann sinn alltaf sanngjarnan við sig, 24% oft
- 75% segja að kennarinn sinn myndi alltaf stöðva stríðni eða einelti
- 69% finnst alltaf rétt að hlýða kennaranum sínum
- 95% segjast aldrei kvíða því að fara í frímínútur,
- 53% myndu alltaf eða oft stöðva stríðni/slagsmál þegar þeir gætu, 37% stundum



Hvar fer stríðni fram?

- 33% segja alltaf eða oft í frímínútum
- 77% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í sundi, 18% stundum
- 77% segja stríðni aldrei fara fram í búningsklefa í íþróttum, 19% stundum
- Stríðni á netsíðum er enn mikil á þessu aldursbili

Kórafréttir

Skólakórarnir hafa í nógu að snúast dagana fram að jólum.

Sunnudaginn 14. nóvember fer yngri kórinn í Ástjarnarkirkju og syngur í fjölskyldumessu kl. 11:00 og á degi íslenskrar tungu ætlum við að heimsækja Tjarnarás og syngja fyrir krakkana. Þann 4. desember verða báðir kórarnir í Hafnarborg kl. 11:00 á Syngjandi jólum og 6. desember ætlum við að heimsækja Hrafnistu.

Helgileikur

Nú eru æfingar á helgileiknum hafnar. Mikill áhugi er fyrir þessu verkefni og allir nemendur í 5. bekk eru með.

Allar æfingar og sýningar fara fram á skólatíma en sýningin verður óvenjustór í ár enda fjöldi þátttakenda um 60. Einnig koma að sýningunni fjöldi kennara.

Forráðamenn eru hvattir til að sjá fjölmennan helgileik þegar þar að kemur.

Skólabíllinn, nýtt stæði

Stæði og biðstöð skólabílsins hefur nú verið flutt til á bílastæðinu okkar.

Verið er að prufa að hafa biðstöðina hinu megin við ruslageymsluna og þar af leiðandi hinu megin við gangbrautina.

Forráðamenn eru hvattir eftir sem áður að aka af ítrustu varkárni yfir bílastæði skólans í skammdeginu.

Veikindi, leyfi

Þegar nemendur eiga við veikindi að stríða er mikilvægt að forráðamenn tilkynni þau daglega en ekki bara á fyrsta degi veikinda ef þeir eru margir.

Einnig er rétt að benda forráðamönnum á að auðvelt er að færa veikindi inn á ykkar heimasvæðum í mentor.is kerfinu okkar.

Þegar forráðamenn óska eftir leyfi í tvo daga eða fleiri fylla þeir út eyðublað á skrifstofu skólans.

Ástundunarreglur

Nýjar ástundunarreglur fyrir nemendur í unglingadeild voru teknar í notkun á dögnum.

Reglurnar hafa verið sendar heim til forráðamanna nemenda í unglingadeild.

Forráðamenn eru beðnir að fara vel yfir reglurnar með börnum sínum, en þær taka til punktastöðu og viðurlaga við punktastöfnun sé hún einhver.

Formspring.me

Forráðamenn eru hvattir til að fylgjast með netnotkun barna sinna. Nýr vefur hefur átt vaxandi "vinsældum" að fagna hjá sumum unglingum.

Klám, kynlíflýsingar og einelti er meðal þess sem þrífst á nýjum samskiptavef sem unglingar í efri bekkjum grunnskóla nota mikið. Þar er hægt að spyrja hvers lags spurninga og gera athugasemdir í skjóli nafnleyndar og þar blómstrar hinn argasti dónaskapur og rógburður. Upplýsingarnar sem unga fólkíð gefur um sjálft sig eru svo fyrir allra augum.

Nemendaráðsferð

Nemendaráð Áslandsskóla/Ássins og Hraunvallaskóla/Mosans fóru í sólahringsferð í Kaldársel dagana 4.-5. nóvember s.l. Þar var stíf dagskrá fyrir hópinn allan daginn. Mikil samvinna er milli Ássins og Mosans en þær eru vinafélagsmiðstöðvar.

Unglingarnir byrjuðu á að fara í ratleik um næsta nágrenni Kaldárselsskálans við mikinn fögnuð og fengu sigurvegararnir verðlaun fyrir framúrskarandi samvinnu og elju. Eftir hádegi var farið í mikla lýðræðisvinnu þar sem fram komu ýmiss málefni sem munu verða tekin fyrir á næstu vikum. Unglingarnir fengu kennslu í því hvað lýðræði er og hvernig þau geta unnið sem best með unglingalýðræði.

Nemendaráðin fóru yfir hlutverk hvers og eins og mikil og góð umræða skapaðist þar sem skilningur á hlutverki þeirra skýrðist mjög og þau efdust án efa við það að tala saman og fá stuðning hvert frá öðru.

Um kvöldið var haldin kvöldvaka þar sem hver hópur kom fram með eitt atriði.

Hlutverkaskipting varðandi húsverkin tókst vel og voru allir duglegir að axla ábyrgð á því sem þeim féll í skaut.

Starfsfólk Ássins og Mosans langar að þakka fyrir stórskemmtilega og vel heppnaða ferð.



www.asinn.is

Minum á heimasíðu Ássins www.asinn.is þar sem hægt er að nálgast helstu upplýsingar um félagsmiðstöðina. Dagskrá mið- og unglingadeildar er á sínum stað sem og opnunartímar, símanúmer og auglýsingar um næstu viðburði.

LAUGAR Í SÆLINGSDAL

Það voru kátir 9. bekkingar sem lögðu af stað í ungmennabúðir að Laugum í Sælingsdal í síðasta mánuði. Ferðin uppfyllti allar væntingar og sýndu unglingarnir sínar bestu hliðar hvort sem það var að búa til brjóstsykur, æfa sirkusatriði eða keppa í Laugaleikunum.

Það hefur sýnt sig og sannað að minningar þessara skólábúða hafa alltaf lifað lengi í hugum nemenda og eru án efa frábær liður í forvörnum og efla hópsál og samkennd nemenda.



Kríuási 1
221 Hafnarfirði

Sími: 585 4600

Bréfsími: 585 4610

www.aslandsskoli.is

aslandsskoli@aslandsskoli.is

www.aslandsskoli.is

FLÓRGÓÐINN

Fréttablað Áslandsskóla

Ábyrgð, hönnun, umbrot og skrif:

Leifur S. Garðarsson

skólastjóri